

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

13. fundur stjórnar LH (símafundur) haldinn 22. október 1997.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson.
Guðbrandur Kjartansson boðaði forföll vegna vinnu og vegna bilunar á símkerfi tókst ekki að tengja Sigríði Sigþórsdóttur inn á fundinn.

1. Mál.

Ársþing L.H.

Stutt umræða varð um nokkur atriði varðandi framkvæmd 48. ársþings LH sem halddið verður á Egilsstöðum 24. og 25. október n.k. m.a. var rætt um að á stjórnarfundi sem haldinn verður á Egilsstöðum fimmtudaginn 23. okt. kl. 21:00 (daginn fyrir þingið) hitti stjórnin formann Freyfaxa og forseta þingsins og ræði um væntanlegt þinghald.

2. Mál.

Starfsstjórn L.H.

Formaður LH gerði grein fyrir tillögu um starfsstjórn sameinaðra samtaka LH og HÍS til eins árs sem hann og formaður HÍS höfðu unnið og lögð verður fyrir stjórnarfund i báðum samtökum til endanlegrar afgreiðslu.

Tölverðar umræður urðu um þann nafnalista sem formennirnir lögðu fram þ.e. 7 aðalmenn og 3 varamenn, 2 varamenn vantaði. Athugasemdir komu fram og ákveðið að ræða málið enn frekar á stjórnarfundi annað kvöld á Egilsstöðum.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson.